

Ed. 130. Frumvarp til laga

um útrýmingu fjárkláðans.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að láta fara fram böðun á öllu sauðfé í landinu til útrýmingar fjárkláðanum. Þó skulu undanskilin þau svæði, þar sem kláða hefir ekki orðið vart í sauðfé síðustu fimm árin.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður, í samráði við forstöðumann rannsóknarstofu háskólans, hvaða baðlyf skuli notað til útrýmingarinnar.

3. gr.

Í hverju sýslufélagi eða bæjarfélagi skal landbúnaðarráðherra, eftir tillögu sýslunefndar eða bæjarstjórnar, skipa einn eftirlitsmann, er hafi umsjón með undirbúningi og framkvæmd útrýmingarböðunarinnar innan sýslu- eða bæjarfélags.

Skal eftirlitsmaður sýslufélags tilnefna baðstjóra í hverjum hreppi í samráði við hlutaðeigandi hreppsnefnd, en í bæjum ræður eftirlitsmaður baðstjóra eftir þörfum, í samráði við bæjarstjórn.

4. gr.

Kostnaður við útrýmingarböðunina greiðist af þessum aðilum:

1. Baðlyf, eins og það kostar á næstu höfn, greiðist að hálfu úr rikissjóði og að hálfu af fjáreigendum.
2. Þóknun fyrir störf eftirlitsmanns innan hverrar sýslu- eða bæjarfélags greiðist úr sýslu- eða bæjarsjóði, eftir reikningi, er sýslunefnd eða bæjarstjórn úrskurðar.
3. Kaup baðstjóra greiðist úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði.

5. gr.

Skylt er hreppsnefndum og bæjarstjórnnum að annast um, að fyrir hendi séu nothæf tæki á hverju heimili til böðunar, en fjáreigendum ber að greiða þann kostnað, sem af útvegum þeirra tækja leiðir, að svo miklu leyti, sem þeir leggja þau eigi til sjálfir.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd útrýmingarböðunarinnar, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, og má í þeirri reglugerð ákveða allt að 5000 króna sekt fyrir brot á henni.

7. gr.

Komi það í ljós að aflokinni böðun, að útrýming fjárkláðans hefir eigi tekizt til fulls, skal tafarlaust fyrirskipa útrýmingarböðun af nýju eftir sömu

reglum, á svo stóru svæði eða svæðum, er landbúnaðarráðherra, að fengnum til-
lögum Búnaðarfélags Íslands, telur þurfa.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

1. Tilskipun 5. jan. 1866, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.
2. Tilskipun 4. marz 1871, er hefir inni að halda viðauka við tilskipun 5. jan. 1866, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.
3. Lög nr. 40 frá 1901.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.